

Lög

um breytingu á lögum um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, nr. 64/2010, með síðari breytingum (opinber framkvæmd).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

1. másl. 1. mgr. orðast svo: Markmið og tilgangur Nýs Landspítala ohf. er að standa að nauðsynlegum undirbúningi útboðs byggingar nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.
2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. mgr. orðast svo:
Um fullnaðarhönnun, byggingu og útboð hins nýja spítala skulu gilda lög um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001.
- Í stað „1. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 1. mgr. 1. gr.
- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra er heimilt að ákveða að tilteknir skýrt afmarkaðir, minni byggingarhlutar, eða byggingar, séu boðnir út í formi langtímaleigu.

3. gr.

5. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að heimila Nýjum Landspítala ohf. að fara í forval vegna undirbúnings útboðs fullnaðarhönnunar.

5. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.**

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2013. Þó öðlast 4. gr. þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 28. mars 2013.